

66. fundur

Atvinnumálanefnd hélt fund þriðjudaginn 20. desember 2005, kl. 20:00 í Ráðhúsinu. Mætt voru Magnús Ingi Bæringsson, formaður, Sæþór Þorbergsson, Björgvin Guðmundsson, Sigríður Elisdóttir og Þorsteinn Sigurðsson. Einnig voru mætt og sérstaklega boðuð Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri og Róbert A. Stefánsson, forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands.

Dagskrá:

1. Róbert Arnar Stefánsson kynnti hugmyndir að fyrirhugaðri stofnun Háskólaseturs Snæfellsness.
Hann lagði fram greinargerð til fjárlaganefndar 2005. Á fjárlögum næsta árs eru 8 milljónir sem renna til Háskólaseturs í Stykkishólmi.
2. Hugmynd að atvinnu- og markaðsverkefni Stykkishólms.
Erla lagði fram og kynnti hugsanlega útfærslu á ofangreindu verkefni. Hugmyndin var útfærð í framhaldi af tillögu að róttækum breytingum á starfsemi Eflingar sem kynnt var á 65. fundi atvinnumálanefndar.
Afgreiðsla: Nefndarmenn tóku jákvætt í hugmyndina.
3. Önnur mál.
 - 3.1. Magnús sagði að það sé að rofa til í rækjuvinnslnni. Nokkuð væri um endurráðningar í kjölfar uppsagna nú í haust.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 21:05.

Björgvin Guðmundsson (sign.),
Magnús I. Bæringsson (sign.),
Þorsteinn Sigurðsson (sign.),
Erla Friðriksdóttir (sign.),
Sæþór H. Þorbergsson (sign.).